



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, 105 Rvk, mánudaginn 9. apríl 2018 kl. 16:30.

(Fundur nr. 9 frá Stórutjarnarskóla)

Mætt: Jónatan Garðarsson, Valgerður Auðunsdóttir, Jens B. Baldursson, Sigrún Stefánsdóttir, Páll Ingbór Kristinsson, Þuríður Yngvadóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Kristinn H. Þorsteinsson, Laufey Hannesdóttir, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson sem mætti undir lok fundar.

Dagskrá fundar

- 1. Fundargerð síðustu tveggja stjórnarfunda**
Samþykktar með smávegis orðalagsbreytingum.
- 2. Ráðstefnur í haust, m.a. belgjurtaráðstefna**
Sigurður Arnarson hefur samþykkt að vinna að undirbúningi ráðstefnu um belgjurtir sem ætlunin er að halda í haust um líkt leyti og Landbúnaðarsýning verður í Laugardalshöll (12.-14. okt), eins og lagt var til á síðasta fundi.
- 3. Samningar um plöntukaup Landgræðsluskóga**
Þar sem ekki bárust nein tilboð í tengslum við útboð um plöntukaup fyrir árið 2019 féllst Ríkiskaup á að SÍ leitaði samninga við plöntuframleiðendur. Tekist hefur samningur við Sólskóga um kaup á trjáplöntum fyrir 10 mkr. Ljóst er að plöntuverð mun hækka umtalsvert og þetta magn nægir ekki þannig að leita verður allra leiða til að fá trjáplöntur frá fleiri framleiðendum.

4. Endurnýjun eignaskiptasamningur á Úlfjótuvatni

Brynjólfur og Ólafur Proppé hafa lengi unnið að því að ganga frá endanlegu samkomulagi um eignaskipti, afnot og önnur réttindi jarðarinnar Úlfjótsvatns. Þetta samkomulag kemur í staðinn fyrir samning þessa efnis sem dagsettur var 27. júní 2012. Farið hefur verið gaumgæfilega yfir alla þætti málsins fyrir liggja lokadrög að samkomulagi milli SÍ, Bandalags íslenskra skáta og Skátasambands Reykjavíkur. Þessi drög verða lögð fyrir sameiginlega stjórn jarðarinnar og síðan fyrir félögin þrjú til samþykktar.

5. Önnur mál

- a) Vinnureglur vegna rasks á framkvæmdasvæðum ofanflóðavarna voru lagðar fram og BJ útskýrði hvernig þær snúa að SÍ.
- b) Skoðanakönnun sem Gallup gerði fyrir Skógræktina, S.Í og Samtök skógareigenda 23. mars sl. til að meta viðhorf fólks til skógrækar var kynnt. Niðurstöðurnar eru afar jákvæðar. Samskonar könnun var gerð árið 2004 og eru þessar tvær kannanir samanburðarhæfar.
- c) Jón Ásgeir og Kristinn hafa verið fulltrúar S.Í. í fræðsluhópi skógargeirans. Hrefna mun taka sæti Kristins, en hann verður varamaður fyrir hönd SÍ.

Stjórnarfundur slitið 18:50

Fundargerð ritaði Jónatan Garðarsson

Að stjórnarfundum loknum bættust Jón Ásgeir, Hrefna og Ragnhildur í hópinn og haldið var áfram að vinna að stefnumótun fyrir S.Í. Þeirri vinnu er hér með að mestu lokið og verða lokadrög lögð fyrir næsta stjórnarfund.